



Reykjavík, 10.febrúar 2025

MSS24110190

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Fjármála- og áhættustýringarsvið

Á fundi Borgarráðs, dags. 28. nóvember 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

„Spurt er um heildarkostnað vegna lokunar leikskólans Árborgar og allra tilheyrandi framkvæmda, þar með talið vegna bráðabirgðahúsnæði leikskólans í Selásskóla og allrar hönnunarvinnu sem tengist leikskólanum.“

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, fjármála- og áhættustýringarsviðið, eignaskrifstofa, dags. 15. janúar 2025.

### Svar:

Ýmsar mótvægisáðgerðir voru gerðar á leikskólanum Árborg til að bæta innivist skólans, en eftir ítarlega ástandsskoðun húsnæðisins, var talið nauðsynlegt að fara í heildarendurnýjun á því. Leikskólanum Árborg var í kjölfarið lokað í október 2022 skv. verkferlum RVK vegna rakaskemmda og starfsemin flutt í laust rými í Selásskóla, sem gerðar voru minniháttar breytingar á.

Útboð verkframkvæmdar var auglýst í nóvember 2024 og opnað í janúar 2025. Áætlað er að framkvæmd hefjist í mars 2025. Allt niðurrif að innan er lokið.

Sjá nánari upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd á framkvæmdavef RVK.

Kostnaðartölur: áfallinn og áætlaður kostnaður:

Verkliður	Kr.
Hönnun og ráðgjöf	28.913.542
Umsjón og eftirlit	13.400.000
Verkframkvæmd	385.544.443
Gjöld og annar rekstrarkostnaður	2.500.000
Breytingar á bráðabirgðahúsnæði Selásskóla	13.252.616
Laus búnaður	25.500.000
<b>Samtals:</b>	<b>469.110.601</b>



Reykjavík



**Fylgigögn:**

Verkferill rakaskemmda RVK:

Verkferill rakaskemmda 2021: [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/216\\_2.1\\_verkferill\\_vegna\\_rakaskemmda\\_eda\\_myglu.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/216_2.1_verkferill_vegna_rakaskemmda_eda_myglu.pdf)

Verkferill rakaskemmda 2023 [9 Tillaga að uppfærðum verkferli vegna rakaskemmda eða myglu í húsnæði sem hýsir starfsemi Reykjavíkurborgar. MSS23050101..pdf](#)

Upplýsingasiða framkvæmda við leikskólarn Árborg:

<https://reykjavik.is/framkvaemdir/arborg-endurgerd-leikskola>

Virðingarfyllst,  
Óli Jón Hertervig

*Fjármála- og áhættustýringarsvið  
Eignaskrifstofa*



**Reykjavík**